

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/2302*  
*komudagur 9.5.2011*

4. maí 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Erindi: Frumvarp til laga um menningarminjar þskj. 1153 – umsögn

Stjórn íslensku ICOMOS-nefndarinnar óskar að koma á framfæri eftirfarandi athugasemd við þau lagafrumvörp sem nú liggja fyrir Alþingi og miða að endurskipan stofnana sem annast varðveislu menningarminja:

1. Sú verkaskipting sem að er stefnt miili Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands á sér fyrirmynd í sambærilegum stofnunum í nágrennalöndum okkar. Safnið annast gripi en minjastofnunin annast jarðfastar minjar.

Á hinum norðurlöndunum er það „Riksantikvaren“ sem er forstöðumaður minjastofnunarinnar og „Museumsdirektör“ er forstöðumaður safnsins.

Skynsamlegt er að velja heiti á forstöðumannaembættum hér á landi í sömu mynd.

Þjóðminjavörður ætti því að veita Minjastofnun Íslands forstöðu og safnstjóri ætti að veita þjóðminjasafni forstöðu.

2. Sem afleiðing af verkaskiptingu stofnananna ætti Minjastofnun Íslands að annast þau hús og önnur mannvirki sem ríkisvaldið hefur tekið í sína umsjá vegna menningarsögulegs gildis þeirra. Þjóðminjasafn Íslands fer nú með málefni svokallaðs húsasafns, en þar er um að ræða nokkra tugi húsa sem talin eru hafa sérstakt gildi. Brýn og gild ástæða er til þess að kveða sérstaklega á um að forræði þessara húsa flytjist til Minjastofnunar Íslands enda á hún að fjalla um þann menningararf sem í byggingum er fólgin.

Virðingarfyllt,  
Stjórn íslensku ICOMOS-nefndarinnar

Hjörleifur Stefánsson  
Ragnheiður Traustadóttir  
Þór Hjaltalín